

37.tbl.

6. nóv. 2024

31 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



## Starf í boði

Fiskeldið Haukamýri ehf. er metnaðarfullt fyrirtæki í vexti sem leitar að nýjum starfskrafti. Fyrirtækið er 16 manna vinnustaður sem býður upp á skemmtilegt og fjölbreytt starfsumhverfi með góðum starfsanda.

### Starf í vinnsluhluta, starfshlutfall 75-100%

- Almennt starf í fiskvinnslu við fullvinnslu á bleikju.
- Undirbúningur, frágangur og þrif á vinnsluvæði.
- Setja saman og undirbúa umbúðir.
- Önnur almenn- og tilfallandi störf í fyrirtækinu.
- Vinnutími fyrir 100% starf er 07:00-15:15.
- Mötuneyti er í boði á staðnum
- Reynsla af vinnu við fullvinnslu matvæla er kostur.
- Þarf að geta hafið störf sem fyrst eftir áramót

Umsóknir og aðrar fyrirspurnir skal senda á Pétur Bergmann, framkvæmdastjóra á netfangið [petur@haukamyri.is](mailto:petur@haukamyri.is) fyrir 25. nóember 2024.

Fyrirtækið áskilur sér rétt til að samþykka hvaða umsókn sem er eða hafna öllum.

Minni á guðspjónustu í Einastaðakirkju  
næstkomandi sunnudag  
10. nóvember klukkan 11:00

Helgistund verður í Skútustaðakirkju  
sama dag klukkan 14:00

Verið velkomin!  
sr. Örnólfur

## **Skemmtidagskrá í Heiðarbæ sunnudaginn 17. nóv kl 20,30**

Gullmolinn Jói Einars verður með skemmtidagskrá í félagi við  
FEBHN Meðal efnis :

- ◇ Leikþátturinn Dinner for one
- ◇ The five ladies, frábær flokkur hagamæltra kvenna með kveðskap undir stjórn Jóa.
- ◇ Fimm manna sönghópur vaskra sveina flytja lög á nótum Comedian Harmonists við texta Jóa.

Síðast en ekki síst verður orkuboltinn sjálfur með Gamanmál af  
ýmsu tagi inn á milli atriða.

Aðgangseyrir við innganginn 3,500 kr

Hægt að panta líka í síma 864,3960

Jói á gröfunni

## Velferðasjóður þingeyinga

vill þakka fyrir styrki og velvild í garð sjóðsins, styrki frá fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum, sem hafa haldið sjóðnum gangandi. Velvilji ykkar er ómetanlegur!  
Munum!, að engum megum við gleyma og þá sérstaklega á það við um jólin! Við biðjum ykkur að láta af hendi rakna, svo að við getum viðhaldið sjóðnum og hjálpað þeim sem í nauð eru stödd.

Sækja þarf núna um úthlutun úr Velferðasjóðnum fyrir jólaúthlutun 2024. Við söfnum jólaumsóknum fram til 3. desember. Allir sem búa í Þingeyjarsýslu, norður og suður, geta sótt um styrk. Úthlutanir eru alfarið í formi matarkorta sem nota má í Nettóverslunum. Best er að senda umsóknir á: [rkihus-avik@simnet.is](mailto:rkihus-avik@simnet.is) [og/eða að koma þeim til okkar í gegnum sóknarpresta.](#)

Allt fé sem inn kemur, rennur til að aðstoða nauðstadda hér á okkar svæði.  
Bankareikningur okkar er 1110-05-402610  
Kennitala er 600410-0670

Bestu kveðjur og fyrirfram þakklæti fyrir stuðninginn og velvild við sjóðinn.

Velferðasjóður þingeyinga.

## KÓTILETTUKVÖLD Í JARÐBÖÐUNUM

Veturinn er kominn og þá hefjast kótiletukvöldin okkar aftur! Kótiletur verða í boði fyrsta fimmtudag hvers mánaðar frá kl. 18:00-19:30, eða meðan birgðir endast:

7. nóvember  
5. desember  
9. janúar (athugið - ekki fyrsti fimmtudagur)  
6. febrúar  
6. mars  
3. apríl

Verðið er 3.000 krónur, 2.000 krónur fyrir börn 4-12 ára og fritt fyrir 3ja ára og yngri. Hægt að setjast niður eða taka með og ef þið kjósið að taka með þá hvetjum við ykkur til að koma með eigin box til að minnka rusl. Vinsamlegast pantið fyrirfram með því að senda okkur skilaboð á Facebook eða hringja í síma 464-4411, í síðasta lagi fyrir hádegi samdægurs.

Kærar kótiletukveðjur frá starfsfólki Jarðbaðanna!

(við mælum með því að geyma auglýsinguna)



## Laufásprestakall

Sunnudaginn 10. nóvember 2024

Guðspjónusta í Lundarbrekkukirkju kl. 20:00

Látinna sérstaklega minnst.

Hægt verður að kveikja á kertum í minningu látinna

Kórinn syngur undir stjórn Dagnýjar Pétursdóttur

Fermingarbörn og foreldrar sérstaklega hvött til að mæta.

Sr. Magnús G Gunnarsson

